



Veiking krónunnar síðustu mánuði skilar sér inn í vísitölu neysluverðs

Hagstofan birtir nóvembermælingu vísitölu neysluverðs (VNV) fimmtudaginn 29. nóvember nk. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,3% hækkun vísitölu milli mánaða. Gangi spáin eftir hækkað ársverðbólgu úr 2,8% í 3,3%.

Vísitalan hækkaði um 0,58% í október. Það var í samræmi við væntingar, en opinberar spár lágu á bilinu +0,5% til +0,6%. Við spáðum +0,6%.

Helstu áhrifaþættir milli mánaða nú:

- **Flugfargjöld til útlanda** lækka alla jafna milli mánaða í nóvember. Við gerum ráð fyrir að þau lækki minna milli mánaða en síðustu ár.
- Verðkönnun okkar á fasteignamarkaði bendir til þess að **reiknuð húsaleiga** hækki.
- **Matur og drykkjarvara** hækka einnig vegna lækkunar á gengi krónunnar.
- **Kaup ökutækja** hækka vegna lækkunar á gengi krónunnar.

Spá okkar nú er 0,1 prósentustigi hærri en spá okkar frá í október. Breytingin skýrist fyrst og fremst af lækkun á gengi krónunnar, en verð á evru hefur hækkað um 4,9% og verð á Bandaríkjadal hefur hækkað um 7,1% milli verðkannanavikna.


Töluverð óvissa um verðlagsþróun næstu mánuði

Það er töluvert mikil óvissa um verðlagsþróun næstu mánuði og meiri óvissa en oft áður. Þessi óvissa snýr einna helst að tvennu, annars vegar þróun fasteignaverðs og hins vegar með hvaða hætti sú gengisveiking sem orðið hefur á undanförunum mánuðum kemur fram í verðbólgu.

Ljóst er að veikingin mun auka verðbólgu en óvissan snýr að því hversu mikið verðbólgu mun aukast. Það mun m.a. ráðast af svigrúmi fyrirtækja til að taka að hluta til á sig gengisveikinguna, samkeppnisstigi og að hversu miklu leyti fyrirtækja telja að þessi gengisveiking sé komin til að vera. Telji stjórnendur fyrirtækja að gengisveiking sé komin til

	Vægi í VNV	Breyting	Spá Áhrif
Flugfargjöld til útlanda	1,2%	-8,00%	-0,10%
Bensín og díselolía	3,4%	-0,40%	-0,01%
Húsgögn og heimilisb.	3,9%	-0,12%	0,00%
Ferðir og flutningar - annað	3,9%	-0,11%	0,00%
Hótel og veitingast.	5,1%	-0,07%	0,00%
Áfengi og tóbak	2,4%	-0,04%	0,00%
Menntun	0,7%	0,00%	0,00%
Póstur og sími	2,1%	0,15%	0,00%
Föt og skór	3,6%	0,20%	0,01%
Tómst. og menning	9,7%	0,30%	0,03%
Aðrar vörur og þjónusta	5,7%	0,54%	0,03%
Heilsa	3,9%	0,82%	0,03%
Húsn. án reikn. húsaleigu	13,2%	0,28%	0,04%
Reiknuð húsaleiga	21,5%	0,25%	0,05%
Matur og drykkjarv.	11,3%	0,84%	0,10%
Kaup ökutækja	8,6%	1,43%	0,12%
Alls	100,0%		0,28%

Niðurbrot á spá Hagfræðideilda



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans



að vera eru þeir líklegri til hækka verð en ef þeir telja að hún sé tímabundin og að krónan muni styrkjast á ný.


Búumst við 3,7% verðbólga í febrúar á næsta ári

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er:

- Des '18: +0,7% milli mánaða, 3,8% ársverðbólga.
- Jan '19: -0,3% milli mánaða, 3,5% ársverðbólga.
- Feb '19: +0,8% milli mánaða, 3,7% ársverðbólga.




Vísitala neysluverðs




Heimild: Hagstofa Íslands

Mánaðarbreyting VNV í Nóvember




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Verðbólguþáttur




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Gengisþróun




Heimild: Thomson Reuters Eikon

Reiknuð húsaleiga



Nóv '18 til feb '19 er spá Hagfræðideildar Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu er þriggja mánaða hlaupandi meðaltal, tafin um einn mánuð. Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá

Flugfargjöld til útlanda



Nóv '18 til feb '19 er spá Hagfræðideildar Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.